



HAFNARFJÖRÐUR

FJÁRHAGSÁÆTLUN

2016-2019

GREINARGERÐ



Bæjarstjórn Hafnarfjarðar

Seinni umræða 2015

9. desember 2015

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Forsendur áætlunar 2016-2019	5
2. Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki	9
2.1 A og B hluti	9
2.2 A hluti	10
2.3 Aðalsjóður	10
2.4 Félagsþjónusta	12
2.5 Heilbrigðismál	15
2.6 Fræðslu- og uppeldismál	16
2.7 Æskulýðs- og íþróttamál	19
2.8 Menningarmál	21
2.9 Brunamál og almannavarnir	25
2.10 Hreinlætismál	26
2.11 Skipulags- og byggingarmál	27
2.12 Umferðar- og samgöngumál	29
2.13 Umhverfismál	30
2.14 Sameiginlegur kostnaður	31
2.15 Eignasjóður	33
2.16 GN eignir	35
2.17 Vatnsveita	36
2.18 Fráveita	37
2.19 Húsnæðisskrifstofa	38
2.20 Hafnarfjarðarhöfn	39
3. Framkvæmdaáætlun 2016	40

Inngangur

Frumvarp að fjárhagsáætlun fyrir árin 2016 – 2019. Áætlunin er í tveimur hlutum. Annars vegar er greinargerð og hins vegar tölulegur hluti sem inniheldur upplýsingar vegna samantekinna A og B hluta sveitarsjóðs, auk aðalsjóðs og annarra sjóða sveitarfélagsins. Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi reynist á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans.

Vinna við frumvarpið hófst s.l. vor. Stöðugt eftirlit og eftirfylgni með áætlunum gerir það að verkum að forstöðumenn stofnana eiga að hafa betri forsendur við áætlanagerðina. Í ágúst lágu síðan fyrir upplýsingar um kostnað sem áætlaður er miðlægt og þá var opnað fyrir áætlanir vegna launakostnaðar. Snemma hausts lágu fyrir fyrstu drög að fjárhagsáætlun og þá blasti við að draga þurfti verulega úr þeim væntingum sem þar komu fram um útgjöld næsta árs. Var þá áætlunin aftur send til sviða og stofnana með það að markmiði að áætlun fyrir árið yrði í jafnvægi fyrir A hluta og afgangur af rekstri A og B hluta til samans.

Helstu niðurstöður í frumvarpi til fjárhagsáætlunar 2016 eru eftirfarandi:

- Rekstrarniðurstaða A og B hluta er jákvæð um 361 m.kr. og rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð um 14,9 m.kr.
- Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 47, 9 millj.kr. í árslok 2016 og skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 40,3 millj.kr. og eigið fé um 7,6 millj.kr.
- Áætlað veltufé frá rekstri A hluta er um 2,4 millj.kr. og samantekið fyrir A og B hluta 3,3 millj.kr. sem er tæplega 15% af heildartekjum.
- Á árinu 2016 er ráðgert að greiða niður eldri lán og skuldbindingar að fjárhæð 600 – 800 m.kr.
- Áætlaðar fjárfestingar á árinu eru 925 m.kr. og áætluð sala iðnaðarlóða 200 m.kr.
- Almennt er gert ráð fyrir breytingum á gjaldskrá fyrir árið 2016 í samræmi við áætlaða vísitöluhækkun eða 4,5%. Þó mun dvalargjald í leikskóla haldast óbreytt.

Þann 1. desember 2015 voru bæjarbúar 28.126. Bæjarbúum hefur verið að fjölga jafnt og þétt og í áætlun ársins 2016 er reiknað með að íbúum fjölgi um 1,3%.

Í áætluninni er að skila sér sú vinna sem lögð var í greiningu á rekstri og þjónustu sveitarfélagsins á árinu 2015. Umbótum í rekstri og sparnaðaraðgerðum er ætlað að skila því að þjónustustig verði áfram óbreytt og svigrúm verði til niðurgreiðslu skulda. Sem dæmi má nefna lækkan rekstrarkostnaðar með því að notast við útboð í ríkari mæli. Horft er til framtíðar og má nefna að útgjöld til fræðslumála aukast um 644 m.kr. og þar af er um 28% vegna leikskólanna.

Annað árið í röð er ekki gert ráð fyrir að vistgjöld á leikskólum hækki.

Útsvarsprósenta verður óbreytt 14,52%.

Fasteignaskattur hækkar en á móti lækka vatns- og fráveitugjöld þannig að álögur á íbúa aukast ekki.

Skuldahlutfall Hafnarfjarðarbæjar verður samkvæmt áætlun 180% í lok árs 2016 en var 202% í árslok 2014 og 216% í árslok 2013. Erlendar skuldir bæjarins verða að stærstum hluta greiddar upp í árslok 2015 þannig að á árinu 2016 verða nær allar skuldir sveitarfélagsins í íslenskum krónum. Gangi áætlunin eftir mun skuldaviðmið Hafnarfjarðar verða komið niður fyrir þau 150% sem sveitarstjórnarlög kveða á um á árinu 2017.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að lóðaúthlutanir hefjist á fyrri hluta árs í Skarðshlíð sem er nýtt íbúðahverfi á Völlunum. Einnig verður hafinn undirbúningur framkvæmda við nýjan leik- og grunnskóla í hverfinu. Söluandvirði lóða í hverfinu er ætlað að standa undir þeim kostnaði. Jafnframt er gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist við byggingu hjúkrunarheimilis á byggingarreit við Sólvang. Gert er ráð fyrir að ljúka við byggingu nýs leikskóla, Bjarkarvalla, fyrir allt að 100 nemendur og starfsemi hans hefjist haustið 2016.


Gert er ráð fyrir að fara í átak við sölu iðnaðarlóða á Völlunum. Söluandvirði þeirra lóða verður nýtt til að greiða niður skuldir.

Hafnarfjörður er þriðja stærsta sveitarfélag landsins með heildarútgjöld um 21,9 milljarða króna og eru áætluð laun um 10,6 milljarðar og áætlaður fjármagnskostnaður um 2,1 milljarður króna, eða sem nemur 9,6% af heildartekjum sveitarfélagsins. Starfsmenn sveitarfélagsins eru um 1.900 og því er Hafnarfjarðarbær eitt af stærstu fyrirtækjum landsins ef líkja má sveitarfélagi við fyrirtæki. Það er ánægjuleg þróun að starfsmenn bæjarins hafa í ár og á síðasta ári fengið verulegar kjarabætur. Það hefur kallað á frekari umbætur í rekstri sveitarfélagsins þar sem tekjur eru ekki

að aukast í samræmi við hækkun launa. Einnig eru lífeyrisskuldbindingar, sem breytast í samræmi við launahækkunar, verulega þungar í rekstri bæjarins.

Starfsfólki bæjarins sem komið hefur að áætlunargerðinni vil ég þakka fyrir þá vinnu sem lögð hefur verið í hana. Sé rétt haldið á málum eru bjartir tímar framundan í Hafnarfirði. Það sem af er þessu ári hefur farið mikill tími í að endurskipuleggja reksturinn með það að markmiði að ná niður kostnaði, sem virðist ætla takast gangi þessi áætlun eftir. Nú er hægt að fara að snúa sér frekar að ýmsum öðrum málum sem hingað til hafa fengið minni athygli.

Hafnarfirði, 7. desember 2016



Haraldur L. Haraldsson,
bæjarstjóri

1. Forsendur áætlunar 2016-2019

Lagatilvísanir og skilgreiningar

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2016 - 2019 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A hluta og samantekinn reikning fyrir A og B hluta. A hluti samanstendur af aðalsjóði, eignasjóði og GN eignum ehf. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa bæjarins sem er fjármögnuð með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Í áætlun A hluta er milliviðskiptum, vegna innri leigu, fasteignaskatta og afnota af íþróttamannvirkjum, jafnað út á milli stofnana. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og fjármagnaðar með þjónustutekjum, en þau eru; Vatnsveita Hafnarfjarðar, Fráveita Hafnarfjarðar, Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarhöfn. Þar sem talað er um *Áætlun 2015* í þessari greinargerð er átt við upprunalega áætlun fyrir árið 2015.

Skatttekjur

Skattlagningu sveitarfélaga er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skatttekjur skiptast í útsvar, fasteignaskatt og lóðarleigu.

Útsvar

Útsvarshlutfall á árinu 2016 verður 14,52%. Áætlað er að brúttó útsvarstekjur nemi um 14,9 millj.kr. en af þeirri fjárhæð munu 1,8 millj.kr. ganga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eða um 1,76% þannig að nettó útsvarstekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar rúmlega 13,3 millj.kr.

Áætlun útsvarstekna er byggð á útkomuspá ársins 2015 en jafnframt er tekið tillit til almennra forsendna á vinnumarkaði og fjölgun íbúa. Gert er ráð fyrir um 8% hækkun launavísitölu, óbreyttri atvinnuþátttöku frá árinu 2015 og fjölgun íbúa 1,3%. Á grundvelli þessara gagna er gert ráð fyrir 9,7% hækkun frá áætlun fyrra árs.

Framlög úr Jöfnunarsjóði

Hafnarfjarðarbær fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna grunnskóla, tónlistarkennslu, nýbúafræðslu og þjónustu við fatlað fólk. Fjárhæð framlaga er áætluð alls 1,8 millj.kr. og er gert ráð fyrir að framlag til þjónustu við fatlað fólk verði aukið. Áætlun jöfnunarsjóðs liggur hins vegar ekki fyrir og því óvíst hver framlögin verða árið 2016.

Fasteignagjöld

Stofn til útreiknings fasteignagjalda íbúðarhúsnæðis á árinu 2016 miðast við fasteignamat eigna sem birt var 1. júní 2015 en bæði endurmat ársins og matsbreytingar leiða til þess að matsstofn Hafnarfjarðarbæjar breytist á milli ára samanber eftirfarandi töflu.

Fasteignamat	Fasteignamat 2016	Fasteignamat 2015	%	Fasteignamat 2014
Íbúðareignir	325.747.052	301.559.074	108,0%	282.215.845
Atvinnueignir	89.632.915	89.113.441	100,6%	77.050.417
Stofnanir og samkomustaðir	24.905.168	23.927.323	104,1%	20.593.481
Samtals gjöld	440.285.135	414.599.838	106%	379.859.743

Nýr grunnur hefur verið tekinn upp varðandi fasteignamat á atvinnuhúsnæði. Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis hækkar úr 0,28% í 0,34% en á móti lækkar vatnsgjald íbúðarhúsnæðis úr 0,105% í 0,075% og holræsgjald íbúðarhúsnæðis fer úr 0,195% í 0,165%. Þessar breytingar hafa einungis í för með sér tilfærslu á gjöldum en hafa ekki áhrif á álögur á íbúa bæjarins.

Álagningarhlutföll íbúðarhúsnæðis eru þessi:

Íbúðarhúsnæði	Álagning 2016	Álagning 2015
Fasteignagjöld	0,34%	0,28%
Lóðarleiga	0,40%	0,40%
Holræsagjald	0,165%	0,195%
Vatnsgjald	0,075%	0,105%
Samtals	0,98%	0,98%

Hér fyrir neðan er dæmi sem sýnir að áhrif breytinga í krónum eru engin á heildarálögur en einungis er um að ræða tilfærslu á milli liða.

Dæmi:Álagning íbúðarhúsnæðis fm 29.420 + lm 3.380 = 32.800 alls	Álagning 2016	Álagning eins og hlutföll voru 2015
Fasteignaskattur	111.520	91.840
Lóðarleiga	13.520	13.520
Fráveitugjald	54.120	63.960
Vatnsgjald	24.600	34.440
Sorpgjald	30.627	30.627
Samtals gjöld:	234.387	234.387

Tekjutengdur afsláttur fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega:

Afsláttur er hlutfallslegur og miðast við tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali. Við útreikning afsláttar í upphafi árs 2016 er stuðst við skattaframtal ársins 2014 en afslátturinn er síðan endurskoðaður í ágúst 2016 eftir að skattaframtal ársins 2015 liggur fyrir. Leiði endurskoðunin til breytinga á afslætti þá breytist hann vegna þeirra greiðslna sem eftir eru á árinu. Ekki er endurreiknað vegna greiðslna til og með ágúst og er það breyting frá því sem áður hefur verið gert. Til tekna teljast bæði launatekjur (reitur 2.7. á skattframtali) og fjármagnstekjur (reitur 3.10. á skattframtali). Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og fólks í skráðri sambúð.

Þar sem fasteignaskattur er nú herra hlutfall af heildarálögum mun afsláttur til þessa hóps hækka. Hækkun á milli 2015 og 2016 er 18,5 m.kr sem skýrist þannig að 9 m.kr er vegna hækkunar á fasteignaskatti á móti lækkunar á öðrum fasteignagjöldum. 9,5 m.kr er vegna hækkunar á tekjuviðmiðum um 5,6%. Í neðangreindri töflu má sjá þróun síðustu ára og áætlaðan afslátt árið 2016.

Tekjutengdur afsláttur fasteignagjalda	þús.kr
2016 - áætlun	51.649
2015	33.136
2014	36.436
2013	36.802
2012	32.446
2011	31.657
2010	34.692

Álagningarhlutföll atvinnuhúsnæðis eru óbreytt frá fyrra ári og eru þessi:

Atvinnuhúsnæði	Álagning 2016	Álagning 2015
Fasteignagjöld	1,65%	1,65%
Lóðarleiga	1,30%	1,30%
Holræsagjald	0,195%	0,195%
Vatnsgjald	0,112%	0,112%

Aðrar tekjur

Í frumvarpi að fjárhagsáætlun er almennt gert ráð fyrir breytingum á gjaldskrá fyrir árið 2016 í samræmi við hækkun neysluverðsvísitölu 2016, samkvæmt þjóðhagsspá sem birtist í fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga, eða 4,5%. Þó munu dvalargjöld í leikskólum haldast óbreytt. Sorphirðugjald hækkar um 2.329 kr. á ári eða úr 28.298 kr. í 30.627 kr. til að gjöldin standi undir kostnaði við veitta þjónustu.

Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður er áætlaður út frá núverandi stöðugildum og starfsmönnum og tekur mið af gildandi kjarasamningum en búið er að ganga frá samningum við meginþorra starfsmanna. Jafnframt er gert ráð fyrir hækkunum vegna ógerðra kjarasamninga. Tekið er tillit til breytinga í starfsmannahaldi sem tengjast fjölda nemanda í leik- og grunnskólum.

Launatengd gjöld eru reiknuð miðað við gildandi samninga og lög. Launaáætlun var unnin af stjórnendum bæjarins í launaáætlunarkerfi H3. Lögð verður áhersla á virkt eftirlit og eftirfylgni með launakostnaði, veikindum og fjölda stöðugilda en með réttum verkfærum verður sú vinna markvissari.

Lífeyrisskuldbindingar

Breyting á lífeyrisskuldbindingum er áætluð um 938 m.kr. á árinu 2016. Á árinu 2012 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar að samtímagreiða inn á lífeyrisskuldbindinguna og á árinu 2016 er gert ráð fyrir að sú greiðsla nemi um 222 m.kr. Lífeyrisskuldbinding bæjarins mun verða um 11 millj.kr. í árslok 2016 en heildarlaunagreiðslur sveitarfélagsins á árinu 2016 eru áætlaðar um 10,8 millj.kr. Af þeirri fjárhæð er um 2,2 millj.kr. vegna lífeyrisskuldbindinga fyrrum starfsmanna Sparisjóðs Hafnarfjarðar/Byr. Jafnframt er gert ráð fyrir hækkun lífeyrisskuldbindinga um 780 m.kr. vegna tryggingafræðilegra breytinga m.t.t. hækkunar á lífaldri. Mótbókun er færð á eigið fé og hefur því ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins heldur einungis skuldastöðu og skuldahlutfall.

Annar kostnaður

Almennur rekstrarkostnaður sem er tengdur verðlagsforsendum samkvæmt samningum hefur verið uppfærður í takt við verðlagsbreytingar. Aðrir kostnaðarliðir standa í stað eða hafa lækkað í kjölfar rekstrarúttektar og útboða.

Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur eru áætlaðar í samræmi við rauntölur ársins 2015 og tekið tillit til 20% fjármagnstekjuskatts. Viðskiptareikningar innan samstæðu eru ekki vaxtareiknaðir. Innlend verðtryggð lán hafa verið uppreiknuð miðað við 4,2%. Nýjasta þjóðhagsspá gerir ráð fyrir að verðbólga ársins verði 3,2% en fyrri spá sem notuð var við gerð upphaflegu áætlunar hafði gert ráð fyrir 4,5%. Eftir uppgreiðslu erlends láns við FMS í árslok 2015 verða um 27 millj.kr. af lánum sveitarfélagsins verðtryggðir. Lánasafnið er vaxtareiknað miðað við vaxtakjör lánasamninga. Eins og undanfarin ár er ekki gert ráð fyrir gengismun í áætluninni en óverulegur hluti lána er gengistryggður eða um 1,3 millj.kr.

Fyrirvarar og óvissuþættir

Áætlun Jöfnunarsjóðs liggur ekki fyrir en í áætlun er gert ráð fyrir auknum framlögum vegna málefna fatlaðra. Enn eru kjarasamningar hluta starfsmanna ófrágengnir og kjarasamningar grunnskólakennara eru lausir næsta vor. Áætlanir gera ráð fyrir breytingum í samræmi við aðra kjarasamninga.

Þriggja ára áætlun 2017– 2019

Þriggja ára áætlun sveitarfélagsins tekur mið af verðlagsbreytingum í samræmi við þjóðhagsspá sem var notuð til grundvallar frumvarpi til fjárlaga. Útsvarstekjur ráðast af fjölda íbúa, launaþróun, atvinnuþátttöku og atvinnustigi en hér er gert ráð fyrir hækkun tekna um 4,9 - 5,9% á ári. Áætlaðar tekjur vegna fasteignaskatta og lóðarleigu hækka um 2,4 - 3,9% á ári vegna verðbreytinga. Fjármagnsliðir og afborganir lána eru áætluð í samræmi við lánasamninga en einnig er gert ráð fyrir töluverðum niðurgreiðslum umfram gjaldfallnar afborganir.

2. Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki

2.1 A og B hluti

Áætlað er að heildartekjur fyrir A og B hluta verði á árinu 2015 um 22,3 millj.kr. og rekstrargjöld um 19,8 millj.kr. Jákvæð rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð um 2,5 millj.kr. en fjármagnsliðir eru áætlaðir rúmlega 2,1 millj.kr., þannig að áætluð rekstrarniðurstaða ársins 2016 verður jákvæð um 361 m.kr.

Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 47,9 millj.kr. í árslok 2016. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 40,3 millj.kr. og eigið fé um 7,6 millj.kr.

Veltufé frá rekstri er sá mælikvarði sem oft er litið til þegar meta skal getu sveitarfélaga til að standa við skuldbindingar sínar. Mælikvarðinn gefur meðal annars vísbendingu um hversu mikið er til ráðstöfunar frá rekstri til fjárfestinga og til að greiða skuldir.

Á árinu 2016 er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði tæpir 3,3 millj.kr. sem er um 14,7% af heildartekjum.

A og B hluti – í m.kr.	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014	Fjárhæðir í m.kr. Ársreikningur 2013
Rekstrarreikningur				
Tekjur	22.298	20.345	19.648	18.691
Gjöld	(19.802)	(18.286)	(18.013)	(16.512)
Fjármagnsliðir	(2.135)	(1.840)	(1.226)	(769)
Óvenjulegir liðir	0	0	(333)	0
Rekstrarniðurstaða	361	219	76	1.411
Efnahagsreikningur				
Eignir	47.937	48.255	48.198	48.483
Eigið fé	7.616	8.728	8.432	8.046
Skuldir og skuldbindingar	40.321	39.527	39.766	40.438
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	3.278	2.231	1.593	2.432

2.2 A hluti

Í áætlun 2016 er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A hlutans sé jákvæð fyrir afskriftir og fjármagnsliði um rúmlega 1,6 millj.kr.

Áætlaðar rekstrartekjur A hluta eru um 20,6 millj.kr. og rekstrargjöld rúmir 18,9 millj.kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir um 1,6 millj.kr.

Heildareignir A hluta í árslok 2016 eru áætlaðar um 37,8 millj.kr., skuldir um 34,9 millj.kr. og eigið fé um 2,9 millj.kr.

Áætlað veltufé frá rekstri er um 2,4 millj.kr. eða um 11,6% af heildartekjum.

A hluti – í m.kr.	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014	Fjárhæðir í m.kr. Ársreikningur 2013
Rekstrarreikningur				
Tekjur	20.613	18.563	17.986	17.018
Gjöld	(18.962)	(17.516)	(17.207)	(15.605)
Fjármagnsliðir	(1.636)	(1.381)	(939)	(499)
Óvenjulegir liðir	0	0	(333)	0
Rekstrarniðurstaða	15	(333)	(492)	913
Efnahagsreikningur				
Eignir	37.819	38.090	37.847	37.996
Eigið fé	2.876	4.318	4.530	4.703
Skuldir	34.943	33.771	33.316	33.292
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	2.388	1.274	780	1.728

2.3 Aðalsjóður


Aðalsjóður annast reglubundinn rekstur málaflokka sem er fjármagnaður með skatttekjum og þjónustutekjum. Rekstrarniðurstaða aðalsjóðs er jákvæð um 767 m.kr.

Aðalsjóður - í m.kr.	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014	Fjárhæðir í m.kr. Ársreikningur 2013
Rekstrarreikningur				
Tekjur	21.278	19.241	18.435	17.566
Gjöld:	(20.612)	(19.253)	(18.078)	(16.013)
Fjármagnsliðir	101	105	(483)	(605)
Rekstrarniðurstaða	767	93	(126)	947

Meginbreytingar í rekstri aðalsjóðs má sjá í eftirfarandi töflu en þar koma fram helstu útgjaldabreytingar í rekstri málaflokka á milli ára.

Rekstur málaflokka Aðalsjóðs		Fjárhæðir í m.kr.			
Fjárhæðir í m.kr.	Áætlun 2016	Hlutfall af skatttekjum	Áætlun 2015	Mismunur	Ársreikningur 2014
Skatttekjur	18.600		16.751	1.853	15.554
Félagsþjónusta	(2.897)	15,6%	(2.749)	(148)	(2.406)
Heilbrigðismál	0	0,0%	(64)	64	(64)
Fræðslu- og uppeldismál	(9.991)	53,7%	(9.347)	(644)	(8.072)
Meningarmál	(371)	2,0%	(356)	(15)	(327)
Æskulýðs- og íþróttamál	(1.763)	9,5%	(1.616)	(147)	(1.403)
Brunamál og almannavarnir	(201)	1,1%	(200)	(1)	(169)
Hreinlætismál	(8)	0,0%	(12)	3	(16)
Skipulags- og byggingarmál	(51)	0,3%	(102)	51	(234)
Umferðar- og samgöngumál	(781)	4,2%	(790)	9	(739)
Umhverfismál	(130)	0,7%	(116)	(14)	(79)
Atvinnumál	(24)	0,1%	(27)	2	(72)
Sameiginlegur kostnaður	(1.717)	9,2%	(1.372)	(342)	(1.163)

Hlutfall málaflokka af heildarútgjöldum:



2.4 Félagsþjónusta

Við breytingar á stjórnskipulagi Hafnarfjarðarkaupstaðar þann 29. júní sl. fluttust verkefni frá fjölskylduþjónustu til fræðslu- og frístundaþjónustu. Það voru verkefni íþróttá- og æskulýðsmála, frístundaheimila og félagsmiðstöðva.

Fjárheimild sviðsins lækkar í heild sinni úr 4,5 millj.kr í kr. 2,9 millj.kr eða um 1,7 millj.kr kr. milli ára og er nú 15,6% af heildaráætlun bæjarins. Aðalástæðan fyrir þessari breytingu eru 1,8 millj.kr vegna tilfærslu á málaflokkum.

Í samræmi við rekstrarúttekt sem gerð var á árinu var farið í aðgerðir til að leita hagræðinga á sviðinu.

Helstu breytingar vegna þess eru:

- Samið var við fjóra starfsmenn í 3,4 stöðugildum um starfslok.
- Tveir starfsmenn sem áður voru í rekstrardeild sviðsins fluttu á fjármálasvið.
- Móttaka fjölskylduþjónustunnar er nú í þjónustuveri bæjarins og fluttist einn starfsmaður frá fjölskyldusviði í þjónustuverið.
- Sálfræðingur sviðsins fer úr 100% í 50% starf.

02020 Skrifstofa fjölskylduþjónustu

Launakostnaður lækkar um 16% á milli áætlana 2015 og 2016. Annars vegar kemur það til vegna fækkunar stöðugilda á sviðinu vegna skipulagsbreytinga, starfsfólk flutti á önnur svið. Hins vegar voru lagðar niður stöður á miðju ári 2015. Stöðugildum fækkaði í fjölskylduþjónustu úr 26,9 samkvæmt áætlun 2015 í 20,5 stöðugildi samkvæmt áætlun 2016. Launakostnaður lækkar með launatengdum gjöldum um 42 m.kr. miðað við árslaun 2015. Annar rekstrarkostnaður er að mestu leyti áætlaður óbreyttur frá áætlun 2015. Gert er ráð fyrir fjármagni í öryggisúttekt og vegna húsbúnaðar og er þar um uppsafnað viðhald að ræða. Reiknaðar eru tekjur vegna umsýslu fjölskylduþjónustu fyrir húsnæðisskrifstofu Hafnarfjarðar að upphæð kr. 10 m.kr.

02101 Fjárhagsaðstoð

Almenn fjárhagsaðstoð lækkar um 126,7 þús kr. á milli áætlana 2015 og 2016 eða um 33%. Fjárhagsaðstoð er áætluð kr. 256,1 þús kr. í áætlun 2016 og er byggð á útkomuspá fyrir árið 2015 auk hækkunar á viðmiðunarkvarða fjárhagsaðstoðar í samræmi við neyslúvísitölu. Áætlaðar er kr. 1,5 m.kr. í sálfræði- og sérfræðiþjónustu, þar með talinni túlkþjónustu og er það í samræmi við rauntölur 2015.

02103 Húsaleigubætur

Gert er ráð fyrir lækkun vegna húsaleigubóta um kr. 13,3 m.kr milli áætlana 2015 og 2016. Áætlun 2016 er byggð á útkomuspá fyrir árið 2015. Ekki er tekið tillit til boðaðra breytinga á lögum um húsnæðisbætur og er það í samræmi við áætlanir hjá öðrum sveitarfélögum.

02105 Áfram – ný verkefni í Hafnarfirði

Fjárhagsáætlun vegna Áfram-verkefnisins 2016 er byggð á útkomuspá fyrir árið 2015. Hér er færður launakostnaður þeirra einstaklinga sem fá störf í gegnum Áfram-verkefnið. Aukning á milli ára er 10,5 m.kr. eða 19%. Vanáætlað var á þennan lið í áætlun 2015 þar sem lítil reynsla var komin á verkefnið þegar áætlun 2015 var gerð.

02303 Dvalargjöld og vistunarkostnaður

Gert er ráð fyrir 10 m.kr. kostnaðaraukningu á árinu 2016 í þennan lið frá áætlun 2015. Um er að ræða fósturlaun, vistunarkostnað og dvalargjöld vegna barnaverndarmála.

02403 Heimaþjónusta aldraðra og öryrkja

Grunnþjónusta vegna frekari liðveislu bókuð núna undir þessum lið en var áður bókuð undir málefnum fatlaða. Starfsmat hefur hér einnig áhrif til hækkunar. Áætlun 2016 vegna heimaþjónustu hljóðar upp á 103,4 m.kr. og hækkar um 23% á milli áætlana 2015 og 2016.

02501 Liðveisla fatlaðra

Gert er ráð fyrir 9% hækkun í liðveislu fatlaðra milli áætlana 2015 og 2016. Aukinn kostnaður er vegna þjónustu sem keypt er af öðrum sveitarfélögum s.s. Klettaskóli, hæfingarstöðvum o.fl.

02502 Ferðapjónusta fatlaðra

Unnið er að breyttri kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna sem standa að ferðapjónustu fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu. Jafnhliða er unnið að hagræðingu ferða innan núverandi kerfis og er stefnt að því að ná fram 10% hagræðingu með breyttri samsetningu ferða o.fl. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir 145 m.kr. í ferðapjónustuna.

02503 Málefni fatlaðra

Gert er ráð fyrir 2 m.kr. kostnaðaraukningu vegna samninga um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Frávik á milli áætlana 2015 og 2016 skýrist af því að einn nýr samningur tók gildi 2015 og nokkrir samningar voru hækkadír vegna aukinnar þjónustuþyngdar. Nýr búsetukjarni á Klukkuvöllum tók til starfa á árinu 2015. Hann er rekinn af Ás, styrktarfélagi, með rekstrarsamningi við sveitarfélagið.

Tilraunaverkefni í atvinnumálum fatlaðs fólks var sett á laggirnar haustið 2015 í samvinnu við Vinnumálastofnun. Gert er ráð fyrir 2,5 m.kr. framlagi vegna úrræðisins en velferðarráðuneytið leggur til 5 m.kr. framlag vegna verkefnisins. Kostnaður vegna þjónustu í öðrum sveitarfélögum er framreiknaður með 10% álagi í samræmi við rauntölur 31/8/2015.

Búsetukjarnar/heimili fatlaðs fólks

Launaliðir á heimilunum hækka umfram áætlaðar launahækkanir vegna endurmats á kostnaði vegna starfsmannafunda og vakta vegna aukinnar þjónustuþyngdar.

Frá og með 1. janúar 2016 verður greidd leiga vegna húseigna í eigu Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalagsins, í samræmi við markaðsleigu í sveitarfélaginu. Leigugreiðslur vegna þessara eigna eru þ.a.l. áætlaðar 24 m.kr. lægri 2016.

Taflan hér að neðan skýrir út breytingar á leiguverð per heimili miðað við mánuð:

Sambýli	Fm	Verð pr ferm. við samningsbyrjun	Grunnv	Ágúst vísit 2015	Leiguverð á fm.	Heildarleiga frá Brynju á mánuði	Leiguverð í Hafnarfirði	Heildarleiga	Mismunur á mánuði
Einiberg	205	675	255,2	432,3	1.143	234.402	1.000	205.000	29.402
Hjallabraut	111	826	336	432,3	1.063	117.964	1.300	144.300	-26.336
Drekavellir	506	1642	261,9	432,3	2.710	1.371.429	1.300	657.800	713.629
Erluás	255,5	1304,7	226,6	432,3	2.489	635.956	1.200	306.600	329.356
Svöluhraun	245,4	1269,36	224,1	432,3	2.449	600.901	1.200	294.480	306.421
Svöluás	408,9	2014,53	229,3	432,3	3.798	1.553.002	2.200	899.580	653.422
Samtals	1731,8				2.275	4.513.654	1.367	2.507.760	2.005.894

Leiga íbúa í búsetukjörnum fatlaðs fólks verður endurskoðuð í samræmi við ákvæði reglugerðar þess efnis að fjárhæð leigu skuli ákveðin í samræmi við reglur um félagslegt leiguhúsnæði í sveitarfélaginu. Breytingin tekur gildi 1. apríl nk. Áætlaðar tekjur eru 4,4 m.kr. nettó vegna þessarar breytingar. Í nokkrum tilfellum er um lækkun leigufjárhæðar að ræða.

Áætlanir eru um að styrkja og efla menntunarstig starfsfólks í búsetukjörnum fatlaðs fólks. Styrkur fékkst frá Mannauðssjóði Samflots sem mun nýtast m.a. til að styðja við starfsþróun félagsliða og starfsfólks á heimilum fyrir fatlað fólk. Stefnt er að því að auka hlutfall fagmenntaðra starfsmanna á starfsstöðvum fatlaðs fólks. Unnið verður að því markmiði á árinu 2016.

Að lokum má geta þess að gert er ráð fyrir að þjónustumiðstöð sjái um garðslátt á búsetukjörnum fatlaðs fólks.

Flóttamenn og hælisleitendur

Samningar við velferðarráðuneyti og Útlendingastofnun eiga að standa undir kostnaði vegna þjónustu við flóttamenn og hælisleitendur. Fjárhagsáætlun vegna flóttamannaverkefnis er 53,1 m.kr.

02583 Lækur

Samningur milli Hafnarfjarðarbæjar og Hafnarfjarðardeildar Rauða kross Íslands hækkar úr 9 m.kr.í 9,5 m.kr.

Félagsmál - m.kr.	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014
Tekjur:			
Þjónustugjöld	509	483	467
Samtals tekjur	509	483	467
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	1.491	1.338	1.264
Annar rekstrarkostnaður	1.905	1.894	1.844
Samtals gjöld	3.396	3.232	3.107
Rekstrarniðurstaða	2.887	2.749	2.640

Stöðugildi félagsþjónustu:

Félagsþjónusta	Fjöldi stöðugilda 2016	Fjöldi starfsmanna 2016	Fjöldi stöðugilda 2015	Fjöldi starfsmanna 2015
Skrifstofa félagsþjónustu	20,5	22	26,9	29
Áfram	6	8	3	5
Barnaverndarmál	-	15	-	12
Tómstundast.aldraðra	2,2	4	2,9	7
Heimaþjónusta	19,9	24	17,9	23
Félagsþjónustan Hraunsel	3,5	5	2,4	3
Liðveisla fatlaðra		50		46
Málefni fatlaðra	2,5	3	3,3	5
Atvinna með stuðningi/öryrkjar	8	17	7,3	15
Straumhvörf	9	15	9,3	16
Berjahlíð	9,3	16	9,3	17
Blikaás	10,5	19	10,5	19
Einiberg	7,5	14	7,5	14
Erluás	6,8	12	6,8	14
Smárahvammur	7,4	14	7,4	11
Steinahlíð	7	12	7	15
Svöluás	8,3	13	8,3	13
Svöluhraun	7,5	14	7,5	15
Hnotuberg	8,5	15	8,5	16
Hæfingarstöðin Bæjarhrauni	11,5	13	11,1	14
Þjónustuíbúðir Drekaöllum	8,7	12	8,4	11
Lækur	1,5	2	1,5	2
Samtals	166,1	269	166,8	276

2.5 Heilbrigðismál

Ekki er lengur rukkuð innri leiga vegna St. Jósefsspítala þar sem hann er ekki starfræktur lengur.

Heilbrigðismál – í m.kr.	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014
Tekjur:			
þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	0	64	64
Samtals gjöld			
Rekstrarniðurstaða	0	(64)	(64)

2.6 Fræðslu- og uppeldismál

Heiti sviðsins var breytt með samþykkt bæjarstjórnar um breytingar á stjórnskipulagi Hafnarfjarðarkaupstaðar 29. júní sl.

Þá voru verkefni íþróttá- og æskulýðsmála, frístundaheimila og félagsmiðstöðva flutt frá fjölskylduþjónustu til fræðslu- og frístundaþjónustu, sem áður hét fræðsluþjónusta.

Fjárheimild sviðsins hækkar í heild sinni úr 9,3 millj.kr. í 11,8 millj. kr eða um 2,4 millj.kr. milli ára og eru nú 63% af heildaráætlun bæjarins. Þar af eru 1,8 millj.kr. vegna tilfærslu á málaflokkum.

Við gerð þessarar fjárhagsáætlunar þurfti að leita allra leiða til hagræðingar án þess að skerða þjónustu. Í þeirri vinnu var stuðst við tillögur sem fram komu í rekstrarúttekt sem gerð var fyrir á árinu.

Helstu breytingar vegna þess eru:

- Á Skólaskrifstofu fækkar um eitt stöðugildi fulltrúa og stöðugildi rekstrarstjóra færast til hageildar fjármálasviðs.
- Reiknilíkön vegna úthlutunar til leik- og grunnskóla eru tekin til endurskoðunar.
- Staða verkefnisstjóra á skrifstofu ÍTH, sem nú er íþróttá- og tómstundadeild innan skrifstofu sviðsins, færð á stjórnsvið.
- Skrifstofa íþróttafulltrúa lögð niður og starfsemin flutt til íþróttá- og tómstundadeildar í fræðslu- og frístundaþjónustu.
- Staða forstöðumanns íþróttahúsa lögð niður og starfið flutt til forstöðumanns sundlauga og íþróttahúsa.

04 - Fræðslu- og uppeldismál

Fjárheimild vegna þessa hluta hækkar um 657 m.kr. milli ára eða um 8%. Þar vega þyngst áhrif kjarasamninga leik- og grunnskólakennara og starfsmats starfsfólks innan STH, en launakostnaður hækkar um 683 m.kr.

Áfram verður lögð áhersla á bættan námsárangur í leik- og grunnskólum með áherslu á læsi og stærðfræði. Ennfremur verður haldið áfram með eflingu upplýsingatækni í skólustarfi m.a með áframhaldandi spjaldtölvuvæðingu og stuðningi við starfsfólk í notkun þeirra. Til þessara verkefna verður varið 50 m.kr. á næsta ári.

Gjaldskrá vegna leikskóladvalar helst óbreytt annað árið í röð en fæðisgjald er hækkað um 4,5%. Fjárveiting til matarkaupa er hækkuð að sama skapi.

Aðrar gjaldskrár á sviðinu hækka um 4,5% að jafnaði.

Grunnskólanemendum fjölga um 103 milli ára en leikskólabörnum fækkar um 83 miðað við óbreyttan inntökualdur, en gert er ráð fyrir að öll börn sem fædd eru í mars 2015 og fyrir komist inn á leikskóla haustið 2016.

Sameiginlegur kostnaður – helstu breytingar

Fjárheimild lækkar um 4% vegna fækkunar stöðugilda og lækkunar þróunarsjóðs milli ára. Aukin áhersla er á forvarnir með samstarfi við Samtökin 78 og Rauða krossinn.

Leikskólar – helstu breytingar

Fjárheimild hækkar um 8% sem felst í launahækkun vegna kjarasamninga og stuðnings við starfsfólk til að sækja sér starfsréttindi sem leikskólakennarar og eins til framhaldsmenntunar. Felst sá stuðningur í aukinni afleysingu á meðan starfsfólk sækir námið. Dvalargjald helst óbreytt annað árið í röð, en fæðisgjald hækkar um 4,5%.

Leikskólabörnum fækkar um 83 milli ára miðað við sama inntökualdur og verða samtals 1.680 næsta haust. Leikskólarými eftir lokun starfsstöðva verða 1.732 og því 52 rými umfram þörf.

Gert er ráð fyrir lokun útideildar Víðivalla í Kaldárseli og starfsstöð Brekkuhvams við Hlíðarbraut frá hausti.

Hagræðing vegna þessa er:

	Á heilu ári	Árið 2016
Kaldársel	40 m.kr.	20,3 m.kr.
Starfsstöð við Hlíðarbraut	43 m.kr.	21,5 m.kr.
Samtals	83 m.kr.	41,8 m.kr.

Áhrif viðbótarúthlutunar til sérkennslu: Fáir barn úthlutað sérstaklega viðbótarsérkennslutímum fær leikskólinn lækkun á mótí á almennri úthlutun barnsins sem nemur 67% af viðbótinni. Þetta þýðir að barnið nýtur sérkennslutímanna að fullu en almenn stöðugildaúthlutun lækkar um 12% vegna viðkomandi barns þar sem það kemur viðbótarstarfsmaður inn vegna þess. Ekki er um að ræða skerðingu á sérkennslu.

Stöðugildum í eldhúsi verður fækkað um 0,1 – 0,25 stöðugildi þar sem þau eru tvö eða fleiri.

Veikindaafleysing lækkar úr 8,33% í 6,33% af stöðugildafjölda að frádreginni stjórnun.

Grunnskólar – helstu breytingar

Fjárheimild hækkar um 8% sem felst í launahækkunum grunnskólakennara og fjölgun nemenda.

Gert er ráð fyrir endurskoðun reiknilíkans sem leiðir til 3% fækkunar kennslustunda sem er sambærilegt við úthlutun Reykjavíkurborgar.

Kennslustundum fækkar samtals um 290 kst./viku, úr 9.631 í 9.341

Skólamáltíðir hækka um 4,5%.

Áætlað er að endurskoðun samnings við FM-hús vegna Áslandsskóla, Tjarnarás og Hörðuvalla leiði til lækkunar á ákveðnum rekstrarþáttum.

Önnur fræðslustarfsemi – helstu breytingar

Rekstur óbreyttur nema gjaldskrá tónlistarskólans hækkar um 4,5%.

Fræðsluþjónusta	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014
Tekjur:			
Þjónustugjöld	895	942	927
Samtals tekjur	895	942	927
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	6.875	6.241	5.763
Annar rekstrarkostnaður	4.010	4.047	3
Samtals gjöld	10.885	10.288	3.910
Rekstrarniðurstaða	(9.991)	(9.347)	(8.746)

Leikskólar	Fjöldi stöðugilda 2016	Fjöldi starfsmanna 2016	Fjöldi nemenda 2016	Fjöldi dvalargilda 2016	Fjöldi stöðugilda 2015	Fjöldi starfsmanna 2015
111-Álfaberg	25,1	28	96	1.088	26,3	31
112-Norðurberg	29,9	33	105	1.178	32,4	35
113-Arnarberg	26,3	28	90	954	28,9	31
114-Brekkuhvammur	23,1	27	84	811	24,9	29
115-Víðivellir	45,1	51	152	1.517	49,5	56
116-Hvammur	33,9	37	122	1.210	34,5	42
118-Hlíðarberg	28,6	33	102	1.047	28,6	34
119-Vesturkot	25,8	28	84	963	24,4	28
121-Hlíðarendi	22,3	27	90	885	23,2	26
122-Hörðuvellir	21,3	24	84	814	22,1	25
123-Álfasteinn	23,9	27	86	933	24,1	28
124-Tjarnarás	26,3	30	90	902	25,3	32

125-Stekkjars	43,7	47	178	1.891	45,0	51
126-Hraunvallaskóli	39,7	37	152	1.482	39,1	45
128-Bjarkavellir*			50-100			

*Áætlað að opna 2 deildir af 4 í ágúst 2016, hinar deildirnar opna svo í áföngum á næstu mánuðum.

Grunnskólar	Fjöldi kennslu- stunda 2016	Fjöldi stg. annarra starfsm. 2016	Fjöldi nemenda 2016	Fjöldi kennslu- stunda 2015	Fjöldi stg. annarra starfsm. 2015
Lækjarskóli	1.534	5,8	523	1.559	5,4
Öldutúnsskóli	1.214	5,9	503	1.205	5,9
Víðistaðaskóli og Engidalur	1.509	8,5	671	1.437	8,5
Setbergsskóli	1.081	4,9	401	1.028	4,8
Áslandsskóli	1.235	7,5	543	1.183	6,6
Hvaleyrarskóli	986	5,1	422	1.020	5,2
Hraunvallaskóli	1.998	14*	876	1.832	8,4*
Barnaskóli Hjallastefnunar				148 nem.	

*Viðauki vegna húsnæðisvanda

Önnur fræðslustarfsemi stoðþjónusta /	Fjöldi stöðugilda 2016	Fjöldi starfs- manna 2016	Fjöldi stöðugilda 2015	Fjöldi starfs- manna 2015
Skólaskrifstofa	5,85	6	7,85	8
Sérfræðiþjónusta	12,7	14	12,7	14
Menntasetrið	2	2	2	2
Tónlistarskóli (ásamt Tónkvísl)	35,5	50	33,3	49
Lúðrasveit Víðistaðaskóla	2,4	4	2,1	3
	64,9	76	58	76

2.7 Æskulýðs- og íþróttamál

Fjárheimild hækkar um 136 m.kr. milli ára eða um 8%. Þar veða þyngst áhrif kjarasamninga. Gjaldskrár hækka að jafnaði um 4,5%

Fjárveiting vegna niðurgreiðslu þátttökugjalda hækkar vegna breytinga á reglum. Nú geta börn og foreldrar fengið niðurgreiðslu vegna íþrótt- og æskulýðsiðkunar í öðrum sveitafélögum. Viðbótarkostnaður er áætlaður um 2 m.kr.

Gert er ráð fyrir hækkun launaliða í Vinnuskóla m.v. óbreytt umfang á starfseminni. Grunnskólanemendur í 8. – 10. bekk munu fá launahækkun. Áætlað er að launakostnaður hækki um 13% og verði sambærilegur meðaltalslaunum í vinnuskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Nemendum fjölga í frístundaheimilum og er gert ráð fyrir 17% hækkun fjárheimilda vegna þess og hækkunar launa. Stórir árgangar eru í yngstu bekkjum grunnskóla og aðsókn hefur aukist. Starfsmenn eru um 70 í frístundaheimilum í um 33 stöðugildum. Á næsta ári má búast við allt að 80 fleiri börnum og fjölga starfsmönnum um 10-12 eða um 5-6 stöðugildi. Hluta af starfinu er útvistað hjá íþróttafélögum.

Áætlun gerir ráð fyrir óbreyttum rekstri íþróttahúsa og sundlauga.

Unnið er að endurskoðun allra samninga við íþróttafélögin en áætlun gerir ráð fyrir samningsbundnum hækkunum auk 10 m.kr. vegna endurskoðunarinnar. Nýir samningar eru annarsvegar þjónustusamningar sem styðja við starf ætlað börnum og unglingum og er það fjöldi iðkenda sem ræður stuðningi Hafnarfjarðar en árið 2016 er ætlað um 50 milljónir í þennan hluta. Hins vegar eru rekstrarsamningar þar sem Hafnarfjarðarbær greiðir íþróttafélagi fyrir að reka íþróttamannvirki og er áætlað að framlag sveitarfélagsins sé um 248 m.kr.

Æskulýðs og íþróttamál - í m.kr.	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014
Tekjur:			
Þjónustugjöld	688	637	635
Samtals tekjur	688	637	635
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	935	845	837
Annar rekstrarkostnaður	1.515	1.409	1.396
Samtals gjöld	2.450	2.253	2.233
Rekstrarniðurstaða	(1.763)	(1.616)	(1.599)

Æskulýðs og íþróttamál	Fjöldi stöðugilda 2016	Fjöldi starfsmanna 2016	Fjöldi stöðugilda 2015	Fjöldi starfsmanna 2015
Skrifstofa æskulýðsmála	3	3	4	4
Skrifstofa íþróttafulltrúa	0	0	1,8	2
Samfélagshús	8	10	6,1	10
Frístundaheimilið Lækjarsel	7,9	18	6,5	15
Frístundaheimilið Selið	7,3	15	6,1	13
Frístundaheimilið Hraunkot	3,9	8	3,1	9
Frístundaheimilið Álfahraun	5,0	10	4,3	9
Frístundaheimilið Krakkaberg	8,3	17	7,2	14
Frístundaheimilið Tröllheimar	7,4	15	6,5	13
Frístundaheimilið Holtasel	4,5	9	4,2	8
Frístundaheimilið Hraunsel	12,4	24	10,5	21
Félagsmiðstöðin Músik og mótör	1,6	3	1,6	4
Frístundaklúbburinn Kletturinn	1,4	3	1,6	3
Félagsmiðstöðin Vitinn	2,2	8	2,3	7
Félagsmiðstöðin Aldan	2,2	7	2,3	7

Félagsmiðstöðin Hraunið	2,2	7	2,3	7
Félagsmiðstöðin Setrið	2,2	8	2,3	7
Félagsmiðstöðin Ásinn	2,2	7	2,3	7
Félagsmiðstöðin Verið	2,2	7	2,3	7
Félagsmiðstöðin Mosinn	2,2	7	2,3	7
Samtals félagsmiðstöðvar og frístundaheimili	75	173	63,0	157
Íþróttahús Strandgötu	4	4	5,0	5
Íþróttamiðstöðin Björk	3,2	4	3,2	4
Samtals íþróttahús	7,2	8	8,2	9
Suðurbæjarlaug	12,9	14	12,9	14
Sundhöll Hafnarfjarðar	5	5	5,0	5
Ásvallalaug	20,1	22	20,1	22
Samtals sundlaugar	38,	41	38	41

2.8 Menningarmál

Skrifstofa menningar- og ferðamála

Skrifstofa menningar- og ferðamála hefur verið lögð niður. Þar er fækkun um eitt stöðugildi. Áætlaður kostnaður vegna Markaðsstofu Hafnarfjarðar vegur hins vegar upp á móti þeim kostnaði. Skv. tillögu í skýrslu Capacent er þar með verið að nota tækifærið og virkja þá deiglu sem vonir standa til að náist fram með stofnun Markaðsstofunnar.

Forstöðumaður Hafnarborgar tekur við þeim verkefnum sem snúa að stefnumótun í menningarmálum í sveitarfélaginu ásamt því að vera tengiliður við menningar- og ferðamálanefnd. Þau verkefni fyrrum skrifstofu menningar- og ferðamála sem varða Bókasafn, Byggðasafn og Hafnarborgar heyra nú beint undir sviðsstjóra stjórnslusviðs.

Viðburðastjórnun hefur til þessa verið í höndum margra aðila innan sveitarfélagsins. Við því hefur nú verið brugðist með því að færa hana undir ábyrgð eins aðila þ.e. íþrótt- og æskulýðsfulltrúa. Framlög vegna viðburða hækka um 2 m.kr á milli ára vegna jólaþorpsins.

Framlag til leikhúsmála er kr. 20 m.kr. skv. samningi við Gaflaraleikhúsið. Kostnaður vegna Bæjarbíós er einkum innri húsaleiga. Styrkir til menningarmála sem menningar- og ferðamálanefnd úthlutar eru 5 m.kr. hækka um 500 þús. eða 11%. Einnig hækkar framlag vegna sameiginlegra markaðsverkefna á höfuðborgarsvæðinu um 500 þús. og verður heildarframlagið 1,5 m.kr.

Menningarmál – málaflokkur í heild – m.kr.	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014
Tekjur:			
Þjónustugjöld	21	20	30
Samtals tekjur	21	20	30
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	186	171	161
Annar rekstrarkostnaður	206	205	225
Samtals gjöld	392	376	386
Rekstrarniðurstaða	(371)	(356)	(357)

Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar og ferðamál

Í töflunni hér að neðan er kostnaður vegna Atvinnumiðstöðvar Hafnarfjarðar og ferðamála. Fjárframlag til atvinnu- og ferðamála lækkar um 12,9 m.kr á milli ára vegna batnandi atvinnuástands

Tillagan miðar við að leitað verði samstarfs við Markaðsstofu Hafnarfjarðar vegna ferðamála. Eins og að framan er getið er gert ráð fyrir að sá sparnaður sem verður við lokun skrifstofu menningar- og ferðamála nýtist til Markaðsstofunnar. Gera þarf verksamning við Markaðsstofuna um hvernig að því verður staðið og mun menningar- og ferðamálanefnd móta þær áherslur.

Atvinnu- og ferðamál - í m.kr.	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014
Tekjur:			
Þjónustugjöld	11	3	11
Samtals tekjur	11	3	11
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	16	18	30
Annar rekstrarkostnaður	19	11	17
Samtals gjöld	35	29	44
Rekstrarniðurstaða	(24)	(27)	(36)


Bókasafn

Fjárhagsáætlun Bókasafns Hafnarfjarðar gerir ráð fyrir sértekjum að upphæð 13 m.kr.

Hækkun á árgjaldi úr 1.800 í 1.900 kr. er í samræmi við verðlagningu bókasafna í nágrennasveitarfélögum. Skilasektir hækka úr 20 í 25 kr. sem einnig er til samræmis við aðra. Óvissuþáttur í tekjum safnsins er fjöldi lánþega og útlána.

Breyttur afgreiðslutími á föstudögum frá 11-17 felur í sér 1,3 m.kr. lækkun á launakostnaði. Þjónusta minnkar að sjálfsögðu lítillaga en aðsókn og útlán eru almennt minnst síðustu tíma dagsins og áberandi minni á föstudögum. Rúmur afgreiðslutími á laugardögum kemur að einhverju leyti á móti styttri opnunartíma á föstudögum. Morgunstyttningin skapar tækifæri til að sinna símenntun starfsfólks betur, t.d með heimsóknum í önnur söfn og á sýningar, jafningjafræðslu, fyrirlestrahalds og síðast en ekki síst skapast tími til sameiginlegra og markvissari starfsmannafunda.

Próun gestafjölda og útlána frá árinu 2010



Rekstrarkostnaður fasteigna bókasafnsins er samkvæmt áætlun 45,6 m.kr. en öll starfsemi safnsins fer fram á Strandgötu 1. Stærstu liðir kostnaðar eru innri húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa, ræsting o.fl.

Heildarfjárhæð til innkaupa á safnefni er nánast sú sama milli ára. Útlit er fyrir að rafbækur verði á boðstólum til lána á bókasöfnum á komandi ári og því er gert ráð fyrir aukningu bókakaupaliðs. Innkaup tímarita og tónlistar verða dregin saman en kaup myndefnis standa í stað.

Reiknað er með hefðbundnum viðburðum eins og: Kynstrin öll, draugabær, jólaþorp, brúðubíllinn, safnanótt, bókasafnsdagurinn og dagur íslenskrar tungu.

Bókasafn - í m.kr.	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014
Tekjur:			
Þjónustugjöld	13	12	12
Samtals tekjur	13	12	12
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	111	91	89
Annar rekstrarkostnaður	63	62	64
Samtals gjöld	174	153	153
Rekstrarniðurstaða	(161)	(141)	(141)

Byggðasafn

Á safninu eru 2,8 stöðugildi, auk þess sem í þrjú mánuði yfir sumartímamann bætast við þrjár 75% stöður við yfirsetu á sýningum safnsins. Þá er auk þessa starfsfólk sem situr yfir sýningum um helgar, aðallega á sumrin en einnig yfir vetrarmánuðina.

Rekstrarkostnaður fasteigna Byggðasafnsins er samkvæmt þessari áætlun 32,1 m.kr. en safnið er með sýningaaðstöðu í fimm húsum auk lagershúsnæðis. Stærstu liðir þessa kostnaðar eru innri húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa, ræsting o.s.frv. Þessi liður lækkar verulega við það að Gúttó hefur verið leigt út til 12 spora samtakanna og er því ekki lengur hluti af rekstri safnsins.

Kostnaður sem snýr að faglegu starfi safnsins og miðlunarhlutverki þess, er samkvæmt þessari áætlun 3,1 m.kr. eða um 5% af rekstrarkostnaði safnsins. Því skal haldið til haga að þessi prósentutala er afar lág ef mið er tekið af sambærilegum söfnum. Helstu kostnaðarliðir eru sýningagerð, minjaskilti og viðurðir auk ferða vegna aðildar Hafnarfjarðarbæjar að Alþjóðlegu Hansasamtökunum. Gert er ráð fyrir uppsetningu tveggja nýrra sýninga á næsta ári, einni í forsal Pakkhússins og einni á Strandstígnum en auk þess eðlilegu viðhaldi og þróun fastasýninga safnsins í Pakkhúsinu, Siggubæ, Sívertsens-húsinu, Bungalowinu og Beggubúð. Þá er gert ráð fyrir fimm sögugöngum, fimm fyrirlestrum, uppsetningu tveggja nýrra minjaskilta auk þátttöku í ýmsum viðburðum s.s. Safnanótt, Íslenska safnadeginum og jóladagskrá.

Gjaldskrá safnsins hækkar um 4,5% árinu að undanskyldri gjaldskrá vegna ljósmynda en hún er hækkuð til samræmis við gjaldskrá Þjóðminjasafns Íslands.

Byggðasafn – í m.kr.	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014
Tekjur:			
Þjónustugjöld	1	1	4
Samtals tekjur	1	1	4
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	30	31	26
Annar rekstrarkostnaður	31	36	45
Samtals gjöld	61	67	71
Rekstrarniðurstaða	(60)	(66)	(67)

Hafnarborg

Gert er ráð fyrir sértekjum að upphæð 7,4 m.kr.

Á safninu eru 4,2 stöðugildi. Tvær 50% stöður afgreiðslufulltrúa, 60% staða umsjónarmanns fasteigna / tæknimanns og 1,6 stöður safnfulltrúa sem þrír einstaklingar hafa skipt með sér.

Rekstrarkostnaður fasteigna Hafnarborgar er samkvæmt þessari áætlun 45.6 m.kr. en öll starfsemi Hafnarborgar fer fram í húseigninni Strandgötu 34. Geymslur safnsins eru í kjallara hússins, sýningarsalir og veitingaaðstaða á fyrstu og annarri hæð og skrifstofur auk listamannaíbúðar á annarri hæð og í risi. Stærstu liðir þessa kostnaðar eru innri húsaleiga, hiti, rafmagn, netþjónusta, sími, rekstur öryggiskerfa, ræsting o.s.frv.

Kostnaður við kaup á búnaði er 400 þús, á árinu 2015 var tekið í notkun fræðslurými á annarri hæð safnsins og þarf að fjárfesta í búnaði til að byggja þar upp þjónustu við safngesti, sérstaklega börn og fjölskyldur.

Kostnaður sem snýr að faglegu starfi safnsins, hverskonar listrænni starfsemi og miðlunarhlutverki þess, er samkvæmt þessari áætlun 11,2 m.kr. eða um 10% af rekstrarkostnaði safnsins. Helstu kostnaðarliðirnir eru sýningagerð, og viðburðir. Gert er ráð fyrir uppsetningu níu sýninga á næsta ári með tilheyrandi dagskrá við hverja þeirra, listamanna- og sýningarstjóraspjöllum, málþingum og fleira.

Auk þess stendur Hafnarborg fyrir veglegri tónleikadagskrá á árinu. Næsta haust hefst 14 starfsár hádegistónleika í Hafnarborg, tónleikarnir eru á dagskrá yfir vetrarmánuðina, fyrsta þriðjudag í mánuði og hafa verið ákaflega vel

sóttir. Þar er flutt óperutónlist af fremsta listafólki landsins á því sviði. Fjórum sinnum á ári eru síðan tónleikar undir heitinu Hljóðönn þar sem framsækinni tónlist eru gerð skil.

Þá er gert ráð fyrir sögugöngum í samstarfi við Byggðasafnið auk þátttöku í ýmsum viðburðum s.s. Safnanótt, Íslenska safnadeginum, jóladagskrá o.s.frv. Auk þessa er gert ráð fyrir kostnaði vegna ferðar á allsherjarþing ICOM, Alþjóðaráðs safna sem að þessu sinni verður haldið í Mílanó en undanfarin þing hafa verið haldin í Kína og í Brasilíu svo kostnaður við að sækja þau hefur verið of mikill til að safnið gæti sent fulltrúa sinn. Þá er einnig fært á þessa lykla kostnaður er snýr að faglegu safnastarfi, varðveislu- og sýningabúnaði. Annar kostnaður við rekstur safnsins er 2.8 m.kr. og vegur þar þyngst kostnaður við auglýsingar og kostnaður vegna aðildar safnsins að Sarpi.

Hafnarborg – í m.kr.	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014
Tekjur:			
Þjónustugjöld	7	7	12
Samtals tekjur	7	7	12
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	45	37	35
Annar rekstrarkostnaður	60	59	64
Samtals gjöld	105	96	99
Rekstrarniðurstaða	(98)	(89)	(87)

Menningarmál – í m.kr.	Fjöldi stöðugilda 2016	Fjöldi starfsmanna 2016	Fjöldi stöðugilda 2015	Fjöldi starfsmanna 2015
Skrifstofa menningar- og ferðamála	0	0	1	1
Bókasafn	14,3	16	15,5	19
Byggðasafn	3,4	7	3,4	7
Skrifstofa Hafnarborgar	4,7	9	4,7	9
Samtals	22,4	32	24,6	36

2.9 Brunamál og almannavarnir

Á málaflökkinn er áætlað framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. um 184 m.kr. og Björgunarfélags Hafnarfjarðar um 17 m.kr. en hluti af því er í formi niðurgreiðslu fasteignagjalda. Framlag til Slökkviliðsins er óbreytt á milli ára að öðru leyti en því er snýr að innbyrðis breytingum á milli sveitarfélaga vegna fjölgunar íbúa. Fjárfestingarframlag ársins 2016 er skorið niður um rúmar 64 m.kr. annað árið í röð. Búið er að ákveða að kaupa 4 nýjar slökkvibifreiðir sem verða afhentar á árunum 2017- 2020. Sveitarfélögin munu þá hækka framlögin sem niðurskurði árunum 2015-2016 nemur auk þess sem fjárfestingarframlagið verður fært í fyrra horf.

Brunamál og almannavarnir - í m.kr.	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	201	200	193
Samtals gjöld	201	200	193
Rekstrarniðurstaða	(201)	(200)	(193)

2.10 Hreinlætismál

Hafnarfjarðarbær er aðili að Sorpu bs. Tilgangur þess er að annast meðhöndlun úrgangs fyrir sveitarfélögin. Kubbur ehf annast sorphirðu frá heimilum í sveitarfélaginu og var verkið boðið út 2013 til 8 ára. Við heimili er tekið bæði blandað heimilissorp og pappír. Í sveitarfélaginu eru reknar sjö grenndargámastöðvar. Einnig er í sveitarfélaginu endurvinnslustöð Sorpu í Berghellu og er þar tekið á móti öllum flokkum úrgangs.

Framlög til hreinlætismála eru vegna heilbrigðiseftirlits og sorps. Gert er ráð fyrir að innheimt sorphirðugjöld standi undir kostnaði við sorphreinsun, flokkun og eyðingu.

- Áætlað er að tekjur vegna heilbrigðisgjalds hækki um 2 m.kr. í 22 m.kr. og framlag til Heilbrigðiseftirlits um 2,6 m.kr eða í 33,8 m.kr.
- Framlag til Sorpu hækkar um 11,8 m.kr.

Hreinlætismál – í m.kr.	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014
Tekjur:			
Þjónustugjöld	322	304	254
Samtals tekjur	322	304	254
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	330	316	287
Samtals gjöld	330	316	287
Rekstrarniðurstaða	(8)	(12)	(33)

2.11 Skipulags- og byggingarmál

Fjárheimildir til skipulags- og byggingarmála lækka um 48 m.kr. annars vegar vegna aukinna tekna og hins vegar fækkunar og tilfærslu starfmannna frá byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa á framkvæmda- og rekstrardeild, umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Áætlaðar tekjur vegna gjalds fyrir stöðuleyfi fyrir gáma, skipulagsgjalds og fleiri gjalda hækka samsvarandi og lækkun fjárheimilda þ.á.m. tekjur vegna aukinna umsvifa í byggingargeiranum.

Áhersla verður áfram á hreinsunaráttak í bænum og áætlað er að leggja út fyrir framkvæmdum á kostnað eigenda eða lóðarhafa þar sem ástæða þykir til. Óvissa er um endurheimtur af þessu fjármagni.

Skipulags- og byggingarráð tók ákvörðun árið 2014 að endurskoða ákveðna kafla í aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Bæði er nýútkomið og samþykkt svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins sem kallar á samræmingu við núverandi aðalskipulag en einnig er nauðsynlegt að kalla fram aðgerðaráætlun samhliða markmiðum um eflingu almenningsgangna og styrkingu miðbæjar eins og fjallað er um í Aðalskipulaginu. Þá var ráðinn hópur sérfræðinga til að greina möguleika bæjarins sem kallaður hefur verið “þéttingarhópur”. Verkefni þéttingarhóps um þéttingu byggðar til samræmis við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðis lýkur um áramót 2015/2016, hugmyndir hópsins verða í framhaldinu kynntar fyrir íbúum Hafnarfjarðar. Tillögur sem verða samþykktar eftir vinnu ráðgjafanna kalla á endurskoðun Aðalskipulags Hafnarfjarðar.

Samkvæmt spám svæðisskipulagsins mun íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölga um 70.000 á næstu 25 árum, en frá árinu 1985 hefur höfuðborgarsvæðið verið að þenjast út og hefur farið úr 54 íbúum á hektara árið 1985 í 35 íbúa á hektara árið 2012. Þetta kallar á grundvallarbreytingu í því hvernig við hugsum fjölgun íbúa í Hafnarfirði sem þarf ekki að kalla á nýtt landnám.

Áætlað að úthlutun lóða 1. áfanga Skarðshlíðar geti hafist í vormánuðum 2016. Haldið verður áfram með endurskipulagningu Skarðshlíðar þess hluta er snýr að sérbyli með það að markmiði að boðið verði upp á minni einingar í sérbyli.

Unnið er að breyttri legu Ásvallarbrautar til samræmis við framkomnar athugasemdir íbúa í Áslandi 3, einnig er unnið að breyttu deiliskipulagi Kaldárselsveggar frá hringtorgi við kirkjugarð að vegi að Hvaleyrarvatni.

Þá hefur skipulags- og byggingarráð samþykkt að fara yfir ferli á kynningum á vegum umhverfis- og skipulagsþjónustu.

Nýtt gjald fyrir stöðuleyfi gáma verður tekið upp, hækkun er vegna úttektargjalda og skipulagsgjalds. Áætlaður tekjuauki er 32 m.kr.

Lækkun á launakostnaði vegna breytinga og sameiningar sviða: Starf sviðssjóra var lagt niður og ráðið hefur verið í störf byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa. Tækniteiknarar voru færðir til framkvæmda- og rekstrardeildar umhverfis- og skipulagsþjónustu. Starf ritara var lagt niður og starf skrifstofustjóra (lögfræðings) fært til aðalskrifstofu. Launakostnaður er áætlaður 87 m.kr. og hefur hann lækkað um 15,5 m.kr. milli ára.

Hækkun er vegna aukins framlags til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um tæpa 1 milljón króna, er það vegna vinnu við svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu.

Skipulags- og byggingarmál – í m.kr	Áætlun 2016	Áætlun 2014	Ársreikningur 2014
Tekjur:			
Þjónustugjöld	78	43	73
Samtals tekjur	78	43	73
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	82	103	105
Annar rekstrarkostnaður	46	42	86
Samtals gjöld	129	144	191
Rekstrarniðurstaða	(51)	(102)	(118)

Skipulags- og byggingarmál	Stöðugildi 2016	Starfsmenn 2016	Stöðugildi 2015	Starfsmenn 2015
Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	7	7	11	11

2.12 Umferðar- og samgöngumál

Framlag til umferðar- og samgöngumála er óbreytt á milli ára – 10 lykillinn er millifærslulykill en innri leiga gatnakerfisins lækkar um tæpar 16 m.kr. Nánari umfjöllun um verkefni er að finna undir kafla 2.16 Eignasjóður.

Umferðar- og samgöngumál – í m.kr.	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	5
Samtals tekjur	0	0	5
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	
Annar rekstrarkostnaður	781	790	753
Samtals gjöld	781	790	753
Rekstrarniðurstaða	(781)	(790)	(748)

2.13 Umhverfismál

Framlag til umhverfismála er óbreytt á milli ára. Reiknaður kostnaður þjónustumiðstöðvar vegna umhverfismála er 15,2 m.kr., var ekki áætlaður 2015 og skýrir það hækkun milli ára.

Umfhverfismál – í m.kr.	Áætlun 2016	Áætlun 2014	Ársreikningur 2014
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	130	116	79
Samtals gjöld	130	116	79
Rekstrarniðurstaða	(130)	(116)	(79)

2.14 Sameiginlegur kostnaður

Veruleg hækkun er á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar frá áætlun 2015 eða 53%. Hér er um að ræða kostnað sem helst í hendur við hækkun á launakostnaði og endurútreikning á skuldbindingu.

Gert er ráð fyrir kostnaði vegna kosninga að upphæð 11 m.kr. en tekjur munu koma á móti því (ríkisframlag). Þá fær fjármálasvið nú tekjur vegna þjónustu við Hafnarfjarðarhöfn en umsýsla vegna bókhalds og fjárreiðu hafnarinnar fluttist til bæjarskrifstofu í byrjun árs 2015. Launavinnsla vegna hafnarinnar hefur í allmörg ár verið hjá bæjarskrifstofu án þess að fyrir það hafi verið tekið þjónustugjald.

Útgiöld vegna lögfræðiþjónustu lækka þar sem bæjarlögmaður hefur tekið til starfa. Sömuleiðis lækkar endurskoðunarkostnaður um 5 m.kr. í kjölfar útboðs. Einnig er í fyrsta skipti gert ráð fyrir 2,5 m.kr. til innri endurskoðunar en sífellt ríkari kröfur eru gerðar til fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga varðandi þetta.

Kostnaður vegna reksturs tölvu- og upplýsingakerfa hækkar um 25 m.kr. (vélbúnaður um 19 m.kr. og hugbúnaður um 6 m.kr.). Samtals nemur endurnýjun á tölvum, netþjónum og netbúnaði alls 62,8 m.kr. Endurnýjun á tölvubúnaði hefur verið haldið í lágmarki undanfarin ár og er nú nauðsynlegt að bregðast við. Einnig hefur álag á netkerfum aukist m.a. vegna innleiðingu á spjaldtölvum, sem kallar á styrkingu netbúnaðar.

Gert er ráð fyrir að endurnýjun verði sem hér segir:

Stofnanir	Borðtölvur	Fartölvur
Grunnskólar, tónlistarskóli og námsflokkar	270	62
Leikskólar	54	10
Skrifstofur, söfn, íþróttahús o.fl.	81	15

Annar stór liður í rekstri tölvukerfa eru þjónustukaup sem nema 124 m.kr. Umfangsmestu liðirnir eru þjónustugjöld vegna hug- og vélbúnaðar 60 m.kr., aðkeypt sérfræðiþjónusta vegna viðhalds, uppfærslu og breytinga á tölvukerfum 24 m.kr., búnaðarleiga 28 m.kr. og greiðsla fyrir grunnnettengingu 6 m.kr.

Ekki er hér áætlun um viðbætur spjaldtölva en gert er ráð fyrir því undir fræðslu- og frístundaþjónustu. Á árinu 2015 hafa verið keyptar spjaldtölvur í grunnskóla og leikskóla, þar á meðal er sérstakt verkefni í Áslandsskóla, sem haldið verður áfram með á árinu 2016. Einnig unnið áfram að innleiðingu á þráðlausu kerfi í skólana og er því að mestu lokið. Uppsetning á miðlægum stýribúnaði fyrir snjalltæki er langt komin. Fyrir liggur stefnumótun fræðslu- og frístundaþjónustu varðandi áframhald spjaldtölvuvæðingar og þróunar í upplýsingatæknimálum.

Kostnaður vegna mannauðsmála eykst um 13 m.kr. Um 40 stjórnendum Hafnarfjarðarbæjar verður boðið upp á stjórnendaþjálfun. Tilgangurinn er að efla þá í störfum sínum og um leið vinnustaði bæjarins. Vinnustaðagreining verður lögð fyrir alla starfsmenn bæjarins einu sinni á ári. Vinnustaðagreining gefur stjórnendum vísbendingar um hvað er vel gert á vinnustaðnum og hvað mætti betur fara. Átak verður gert vegna veikindaforfalla og unnið að innleiðingu jafnlaunastaðals.

Núverandi innri vefur verði endurhannaður með aðkomu notenda. Markmiðið er að auka upplýsingaflæði og miðlun þekkingar, styrkja ímynd bæjarins sem eins vinnustaðar og stuðla að skilvirkari vinnubrögðum og meiri samvinnu milli starfsmanna og deilda.

Stjórnsýslu- og fjármálasvið	Fjárhæðir í m.kr.			
	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014	Ársreikningur 2013
Tekjur:				
Þjónustugjöld	79	58	54	66
Samtals tekjur	79	58	54	66
Gjöld:				
Laun og launatengd gjöld	452	400	384	376
Lífeyrisskuldbinding	900	590	910	557
Annar rekstrarkostnaður	444	440	399	414
Samtals gjöld	1.796	1.430	1.693	1.347
Rekstrarniðurstaða	(1.717)	(1.372)	(1.639)	(1.281)

Stjórnsýslu- og fjármálasvið	Fjöldi			
	stöðugilda 2016	starfsmanna 2016	stöðugilda 2015	starfsmanna 2015
Bæjarskrifstofa	28,3	29	25,2	27
Tölvudeild	5	5	5	5
Þjónustuver	6,4	7	5,4	6
Samtals	39,7	41	35,6	38

2.15 Eignasjóður

Fráveita, Vatnsveita og Húsnæðisskrifstofa leggja til fé vegna umsýslu sinna eininga inn á i A sjóð. Fráveita og Vatnsveita greiða 75 m.kr hvor eining og Húsnæðisskrifstofa 10 m.kr.

Launahækkarnir hér skýrast af tilflutningi á starfsfólki frá skipulags- og byggingarmálum og stjórnsýslu. Starf skrifstofustjóra (lögfræðings) og ritara var sameinað í eitt starf, skrifstofustjóra, sá starfsmaður var færður til sviðsins af stjórnsýslusviði. Tækniteiknarar sem voru á skipulags- og byggingarmálum færðust milli deilda. Starf forstöðumanns fasteignafélags var lagt niður. Stöðugildum miðað við það sem áður var á umhverfi og framkvæmdum fækkar um eitt. Heildarstöðugildi á núverandi sviði eru tveimur færri en á eldri sviðunum. Heildarlaunakostnaður er 202,1 m.kr. og hefur hækkað um 31,8 m.kr. milli ára.

Hækkun er í rafmagni og lækkun í hita sem tengjast verðlagsþróun og endurskoðun. Rafmagn í sveitarfélaginu er boðið út og rennur núverandi samningur úr um mitt ár 2016, en stefnt er að útboði snemma árs 2016.

Fjármagn til viðhalds húsnæðis er hækkað. Heildarviðhaldsfé er 215,5 m.kr. og hefur hækkað um 2 m.kr. milli ára. Aðkeypt tækniþjónusta er hækkuð vegna aukinnar sérfræðiþjónustu sem meðal annars tengist nýrri loftgæðastöð, úttektum vegna raka í húsnæði, eignaskiptasamningum við íþróttafélög ofl. Heildartækniþjónusta er 5,7 m.k.r og hefur hækkað um 3,2 m.kr. milli ára.

Heildarkostnaður við eldsneytisólú er 5 m.kr. og hefur hækkað um 500 þús.kr. milli ára. Heildarkostnaður vegna viðhalds bifreiða er 7 m.kr. og hefur hækkað um 1,6 m.kr. milli ára.

Viðhald gatnayfirborðs er boðið að mestu út sem og merkingar gatna. Fyrir árið 2016 eru áætlaðar um 141 m.kr. í þessa liði sem er aukning frá 2015 um 7 m.kr.

Snjómokstur er unninn að mestu með tækjum og mönnum sveitarfélagsins en einnig eru tæki verktaka tiltæk þegar mest snjóvar. Kostnaður vegna snjómoksturs er áætlaður 2016 um 31 m.kr en raunkostnaður hefur verið á bilinu 28-35 m.kr. síðustu ár. Haldið verður áfram að fjölga biðskýlum í bænum.

Hækkun er í aðkeyptri vinnu varðandi viðhald malbiks. Heildarkostnaður er 91,3 m.kr. og hefur hækkað um 3 m.kr. milli ára.

Hækkun er í aðkeyptri vinnu varðandi yfirborðsmerkingar gatna. Heildarkostnaður er 12 m.kr. og hefur hækkað um 4 m.kr. milli ára. Ekki hefur nást að klára allar yfirborðsmerkingar á götum síðustu ár.

Hækkun er í aðkeyptri vinnu varðandi sópun. Heildarkostnaður 15 m.kr. og hefur hækkað um 4,5 m.kr. milli ára, sem eykur þjónustustig gatna og stíga.

Vegna umhverfismála, verður haldið áfram við uppbyggingu og lagfæringar í Hellisgerði og Víðistaðartúni en undanfarin ár hefur verið unnið við ýmis verkefni á þessum stöðum. Umhverfismálakinn verður áfram starfrækt en hún hefur hjálpað mjög til við að hreinsa rusl á opnum svæðum í bænum. Jafnframt vinnur þjónustumiðstöð að hreinsunarmálum í bænum. Sláttur á opnum svæðum er unnin af bæjarvinnunni á sumrin og verður hann óbreyttur frá því sem verið hefur, en alltaf eru ný svæði að bætast við. Haldið verður áfram með viðhald á leiksvæðum og opnum svæðum í bænum en reglulega eru gerðar úttektir á svæðunum og verkefnum síðan raðað í forgangsröð eftir mikilvægi. Unnið hefur verið við viðhald í Seltúni undanfarin ár en síðasta sumar hófst vinna við stækkun á bílastæðum og verður þeirri vinnu haldið áfram í sumar. Fyrir árið 2016 eru áætlaðar um 76 m.kr. til viðhalds á opnum svæðum.

Samantekinn kostnaður í viðhaldi hefur tekið nokkrum breytingum frá 2010 en mestu hækkanirnar voru árið 2013 og aftur 2014.

Eignasjóður	Raunkostnaður 2010	Raunkostnaður 2011	Raunkostnaður 2012	Raunkostnaður 2013	Raunkostnaður 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016
Viðhald húsnæðis og búnaðar	84.035	50.633	83.667	228.472	239.886	221.000	226.315
Viðhald gatnasvæða	33.848	42.995	43.678	111.764	142.159	134.550	141.550
Viðhald opinna svæða	44.047	38.675	40.591	39.068	65.559	76.417	76.385

Eignasjóður – m.kr.	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014
Tekjur:			
Þjónustugjöld	2.878	2.759	2.857
Samtals tekjur	2.878	2.759	2.857
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	370	349	302
Annar rekstrarkostnaður	1.209	1.063	1.275
Afskriftir	575	575	586
Fjármagnsliðir	1.427	1.224	1.111
Samtals gjöld	3.581	3.217	3.272
Rekstrarniðurstaða	(703)	(458)	(417)

Eignarsjóður	Fjöldi stöðugilda 2016	Fjöldi starfsmanna 2016	Fjöldi stöðugilda 2015	Fjöldi starfsmanna 2015
Framkvæmdamál	18,5	19	17,5	18
Þjónustumiðstöð	16	16	17,5	18
Samtals	34,5	35	35	36

2.16 GN eignir

Gert er ráð fyrir lægri rekstrarkostnaði GN eigna vegna þess að ríkissjóður hefur fallist á niðurfellingu frjálsrar skráningar vegna Lækjarskóla þar sem VSK kvöð á eigninni er fyrnd, það lækkar rekstrarkostnað um rúmar 60 m.kr. GN eignir er eignarhaldsfélag um eftirtaldar eignir bæjarsjóðs: Lækjarskóli, Leikskólinn Álfasteinn og Íþróttamiðstöðin Björk.

GN eignir – í m.kr.	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014
Tekjur:			
Þjónustugjöld	346	375	337
Samtals tekjur	346	375	337
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	47	44	44
Afskriftir	38	38	38
Fjármagnsliðir	310	261	204
Samtals gjöld	394	343	286
Rekstrarniðurstaða	(49)	(32)	(52)

2.17 Vatnsveita

Tekjur Vatnsveitu lækka með lægra vatnsgjaldi. Rekstur Vatnsveitu verður óbreyttur frá fyrra ári. Vatnsveita mun auka hlutdeildarkostnað til umhverfis- og skipulagsþjónustu um 25 m.kr. Þessi hlutdeild er hugsuð vegna allrar umsýslu miðlægt fyrir Vatnsveitu, m.a. vegna launadeildar og hlutdeildar í allri almennri stjórnslu og stjórnun.

Vatnsveita – í m.kr.	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014
Tekjur:			
Þjónustugjöld	368	421	414
Samtals tekjur	368	421	414
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	52	45	47
Annar rekstrarkostnaður	120	98	89
Afskriftir	48	48	48
Fjármagnsliðir	44	38	32
Samtals gjöld	265	228	216
Rekstrarniðurstaða	104	193	198

Vatnsveita	Stöðugildi 2016	Starfsmenn 2016	Stöðugildi 2015	Starfsmenn 2015
Vatnsveita	4	4	4	4

2.18 Fráveita

Tekjur Fráveitu munu lækka með lægra fráveitugjaldi. Rekstur Fráveitu verður óbreyttur frá fyrra ári. Fráveita mun auka hlutdeildarkostnað til umhverfis- og skipulagsþjónustu um 25 m.kr. Þessi hlutdeild er hugsuð vegna allrar umsýslu miðlægt fyrir Vatnsveitu, m.a. vegna launadeildar og hlutdeild í allri almennri stjórnarsýslu og stjórnun.

Fráveita – í m.kr.	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014
Tekjur:			
Þjónustugjöld	715	739	705
Samtals tekjur	715	739	705
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	40	36	33
Annar rekstrarkostnaður	161	129	129
Afskriftir	93	93	92
Fjármagnsliðir	234	266	159
Samtals gjöld	528	524	413
Rekstrarniðurstaða	187	215	292

Fráveita	Stöðugildi 2016	Starfsmenn 2016	Stöðugildi 2015	Starfsmenn 2015
Fráveita	4	4	4	4

2.19 Húsnæðisskrifstofa

Hafnarfjarðarbær á 127 íbúðir sem reknar eru af Húsnæðisskrifstofu og 11 íbúðir sem leigðar eru til endurleigu. Leiguverð íbúða Hafnarfjarðarbæjar er í dag 1.074 kr/ m² og er bundið vísitölu. Hafnarfjarðarbær er að greiða vegna þeirra íbúða sem eru í framleigu 1.960 kr/ m² og er það einnig bundið vísitölu.

Rekstrarkostnaður þessara íbúða felst helst í almennu viðhaldi svo sem málun, viðhaldi á innréttingum og gólfefni. Jafnframt er tekið þátt í viðhaldi sameigna og utanhúss viðhaldi. Þegar íbúðir skipta um leigjendur eru þær teknar út og farið í allsherjar viðhald.

Kostnaður við viðhald íbúða húsnæðisskrifstofu:

Húsnæðisskrifstofa	Raunk. 2010	Raunk. 2011	Raunk. 2012	Raunk. 2013	Raunk. 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016
Viðhald íbúða húsnæðisskrifstofu	61.218	43.917	41.293	41.965	48.316	53.500	53.500

Tekjur Húsnæðisskrifstofu hækka vegna vísitöluhækkunar. Innri húsaleiga er reiknuð vegna sambýla í eigu Hafnarfjarðarbæjar, því hækkar innri húsaleigan, fasteignagjöld hækka einnig. Húsnæðisskrifstofa mun greiða hlutdeild af kostnaði til umhverfis- og skipulagsþjónustu og fjölskylduþjónustu, alls 20 m.kr. Hingað til hefur enginn kostnaður vegna starfsmanna verið færður á Húsnæðisskrifstofu, verið er að færa raunkostnað vegna starfsmanna fjölskylduþjónustu og umhverfis- og skipulagsþjónustu á málaflokkinn.

Húsnæðisskrifstofa – í m.kr.	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014
Tekjur:			
Þjónustugjöld	319	293	289
Samtals tekjur	319	293	289
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	
Annar rekstrarkostnaður	166	135	140
Afskriftir	43	43	43
Fjármagnsliðir	157	120	81
Samtals gjöld	366	298	264
Rekstrarniðurstaða	(47)	(6)	(26)

2.20 Hafnarfjarðarhöfn

Fækkað hefur um eitt stöðugildi þar sem starfsmaður á skrifstofu lét af störfum en fjármálasvið Hafnarfjarðarbæjar sér nú um bókhald og gjaldkerastörf fyrir Hafnarsjóð. Hafnarsjóður greiðir 15 m.kr. á ári fyrir alla miðlæga þjónustu frá bænum. Gert er ráð fyrir 75 m.kr. í flýtiframkvæmdir til Eimskips.

Hafnarfjarðarhöfn – í m.kr.	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Ársreikningur 2014
Tekjur:			
Þjónustugjöld	555	528	432
Samtals tekjur	555	529	
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	168	145	
Lífeyrisskuldbinding	17	17	
Annar rekstrarkostnaður	145	122	
Afskriftir	60	60	
Fjármagnsliðir	63	35	
Samtals gjöld	453	379	380
Rekstrarniðurstaða	102	150	52

Hafnarfjarðarhöfn	Fjöldi stöðugilda 2016	Fjöldi starfsmanna 2016	Fjöldi stöðugilda 2015	Fjöldi starfsmanna 2015
Hafnarfjarðarhöfn	12	12	13	13

3. Framkvæmdaáætlun 2016

Fjárheimild til framkvæmda er 925 m.kr. Gert er ráð fyrir sölu eigna/lóða fyrir 200 m.kr.

Umhverfi og götur

- Haldið verður áfram undirbúningi að gerð Ásvallabrautar sem tengir saman Ásland og Velli. Jafnframt verður hafin vinna við endurskoðun á legu Kaldárselsvegur
- Haldið verður áfram við frágang stétta og grassvæða á nýbyggingarsvæðunum á Völlum, Áslandi og Skipalóni
- Farið verður í yfirborðsfrágang á öðrum hluta stækkunar kirkjugarðsins á Öldum í samvinnu við stjórn kirkjugarðsins
- Haldið verður áfram við gerð hjóleiðastíga við stofnbrautir í bænum í samvinnu við Vegagerðina
- Unnið verður í frekari frágangi á Norðurbakkanum og í miðbænum
- Biðskýlum verður fjölgað, sem og bekkjum og ruslatunnum við göngustíga
- Unnið verður að gerð umferðaröryggisáætlunar fyrir Hafnarfjörð sem og að bættu umferðaröryggi í sveitarfélaginu
- Endurnýjuð verða tæki í Þjónustumiðstöðinni en mörg þeirra eru komin vel til ára sinna
- Unnið verður að umhverfismálum svo sem í upplandinu, aðgengi að upplandinu svo sem við Helgafell og Hvaleyrarvatn, uppbygging á opnum svæðum svo sem Hellisgerði og Víðstaðartúni, á friðlístum svæðum, í Krýsuvík, merkingar og gerð gönguleiða, merkingar á áhugaverðum stöðum ofl.

Fasteignir og fleira

- Verið er að ljúka framkvæmd við fjögurra deilda leikskóla á Bjarkavöllum
- Flýtiframkvæmdarsamningur er í gangi við FH í Kaplakrika, m.a. vegna aðgengis fatlaðra, aðkomu að íþróttamannvirkjum og einangrun og klæðningu frjálsíþróttahúss
- Verið er að ljúka greiðslum vegna endurnýjunar gervigrass á keppnisvelli Hauka
- Hafinn verður undirbúningur á nýju æfingahúsi á Ásvöllum
- Endurnýjun verður á kvartmílubraut í útjaðri iðnaðarsvæðis í Kapelluhrauni, jafnframt er Kvartmíluklúbburinn að gera ökugerði í samstarfi við Ökukennarafélag Íslands á sama stað
- Flýtiframkvæmdarsamningur er í gangi við Keili, vegna breytinga á völlum félagsins
- Bæjarráð hefur samþykkt að klára bílastæði við Kirkjuvelli
- Farið í lagfæringar á lóðum Hraunvallaskóla, Hvaleyrarskóla og Öldutúnsskóla
- Unnið verður að bættu aðgengi fatlaðra að stofnunum bæjarins
- Annar áfangi að loftgæðastöð verður keyptur, til að halda áfram mælingum á loftgæðum í Hafnarfirði
- Hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í sameiginlegu verkefni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í uppbyggingum á gasgerðarstöð hjá Sorpu bs
- Lagt er til fjármagn til endurnýjunar stofnbúnaðar í stofnanir bæjarins
- Haldið verður áfram með uppbyggingu Hjúkrunarheimilis í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar
- Farið verður í undirbúning á nýjum leik- og grunnskóla í Skarðshlíð

Veitur

- Endurgerð heimæða Vatnsveitu og Fráveitu
- Farið í framkvæmdir í tengslum við endurnýjanir fráveitulagna í miðbænum, m.a. verður farið í fóðranir lagna

Húsnæðisskrifstofa

Starfshópur er nú að störfum við endurskoðun á úthlutunarreglum. Lengi hefur verið ljóst að samsetning íbúa er ekki í samræmi við þarfir umsækjenda og þess vegna er gert ráð fyrir framlagi í fjárfestingum að fjárhæð kr. 20 milljónir til endurfjárfestingar í kerfinu.

Hafnarsjóður

Framkvæmdir eru áætlaðar um 75 m.kr vegna uppbyggingar á Suðurhöfninni